

608. fundur

Þriðjudaginn 30. ágúst 2016 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Baldur Sigmundsson ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR

1. Lögð var fram fundargerð 607, var afgreiðslu frestað.
2. Farið var yfir drög að svari til Samtaka verslunar og þjónustu vegna bréfs dags. 11. júlí 2016 um tollkvóta á lífrænum ostum.
3. Tekið var fyrir erindi frá Kjarnafæði ehf dags. 12. ágúst 2016 um að framlengd verði reglugerð um opinn tollkvóta á svínasíðum á grundvelli þess að um meintan skort á svínasíðum væri enn til staðar. Sendur var út tölvupóstur til dreifingaraðila og framleiðenda til að kanna stöðu markaðarins. Ákveðið var að senda eftirfarandi tillögu til lögbundinna umsagnaraðila:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 og tollalaga nr. 88/2005, sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra. Um er að ræða tillögu um framlengingu á almennri heimild til innflutnings með opnum tollkvótum á svínasíðum um einn mánuð:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollskrárn.</i>			kg	%	kr./kg
	<i>Svínakjöt, fryst:</i>				
	-- Annað:				
ex0203.2902	Annað - svínasíður með beini	01.10 - 31.10.16	ótilgr.	0	162
ex0203.2909	Annað - svínasíður beinlaust	01.10 - 31.10.16	ótilgr.	0	205

Rökstuðningur: Nefndinni hafa borist ábendingar þess efnis að skortur og/eða fyrirsjáanlegur skotur sé á svínasíðum. Með vísan til nefndra ábendinga og þeirra gagna sem aflað hefur verið síðan í samræmi við 3. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 gerir nefndin framangreinda tillögu um framlengingu á úthlutun á opnum tollkvótum á svínasíðum um einn mánuð eða til 31. október 2016.

4. Farið var yfir erindi Íslenskra matvara ehf., dags 29. ágúst 2016 um að framlengd verði reglugerð um opinn tollkvóta á nautakjöti. Ákveðið var að senda tölvupóst til framleiðenda og dreifingaraðila til að kanna stöðu markaðarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.